

# CQ TF



JÚLÍ/ÁGÚST 1995 1. tbl. 13. árg.



Fyrir utan fyrrum félagsheimili ÍRA við Rauðavatn. Talin frá vinstri: TF3TXT, TF3TF, TF3BNT, LA6ZH, TF3LG, TF3DX, TF3RJT, TF3GC, LA0BX, TF3GB og TF3RF.  
Ljósmynd - TF3KM.

- Frá aðalfundi ÍRA 1995
- Viðtal við Ruth, LA6ZH
- Rætt við formann ÍRA
- - og fleira...




Íslenskir radióamatörar  
Pósthólf 1058  
121 Reykjavík

# KENWOOD

**TAKTUR hf.**

Ármúla 17 - Rvk

Sími: 568-8840





Íslenskir radióamatörar  
Pósthólf 1058  
121 Reykjavík

Íslenskir radióamatörar, ÍRA, er landsfélag íslenskra radióamatöra. Samkvæmt lögum félagsins eru markmið þess að:

- gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna
- efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan
- stuðla að færnri félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptum
- hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum
- efla amatörradíó sem leið til sjálfshjálfunar á tæknisviðinu, sérstaklega meðal ungsfólks
- hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og uppgötvana á sviði radiófjarskipta
- örva radióíþróttir meðal radióamatöra
- þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind

Allir áhugamenn um radiótækni sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerzt félagar. Frekari upplýsingar má fá hjá stjórnarmönnum félagsins. Nöfn þeirra og heimasímanúmer eru:

Formaður:  
Kjartan H. Bjarnason 565-7351  
Varaformaður:  
Sveinbjörn Jónsson 553-2231  
Gjaldkeri:  
Guðjón H. Egilsson 567-6817  
Ritari:  
Benedikt Sveinsson 551-0907  
Spjaldskráritari:  
Erling Guðnason 568-7781

Póstfang ÍRA er:  
Íslenskir radióamatörar  
Pósthólf 1058  
121 Reykjavík.

CQ TF er tímarit ÍRA. Skammstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru ein-kennisstafir íslenskra radióstöðva.

Ritstjóri CQ TF er Kristinn Andersen. Efni eða athugasemdum varðandi blaðið má koma til ritstjóra um eftirtaldar leiðir:

Heimasíma 555-0028  
Vinnusíma / símsvara 563-8130  
Símbref (vinnu) 563-8001  
Tölvupóstfang kiddi@marel.is

Stefnt er að útgáfu CQ TF sex sinnum á ári, í byrjun oddatölumánaða. Tekið er við efni fram að mánaðamótum fyrir útgáfu hvers blaðs.

# CQ TF

Tímarit Íslenskra radióamatöra, ÍRA

1. tbl., 13. árg.  
júlí/ágúst 1995

Frá aðalfundi ÍRA 1995 .....	2
<i>Kjartan H. Bjarnason, TF3BJ ritari aðalfundar ÍRA 1995</i>	
Reikningar ÍRA 1994 .....	3
<i>Kristinn Andersen, TF3KX gjaldkeri ÍRA 1994</i>	
Ruth, LA6ZH.....	4
<i>Vilhjálmur P. Kjartansson, TF3DX</i>	
Ný stjórn og starfsáætlun .....	6
<i>Rætt við Kjartan H. Bjarnason, TF3BJ formann ÍRA</i>	
DX-hornið .....	7
<i>Vilhjálmur P. Kjartansson, TF3DX</i>	
Sitt lítið afhverju .....	8

# Frá aðalfundi ÍRA 1995

Kjartan H. Bjarnason, TF3BJ ritari aðalfundar

*Hér á eftir er stiklað á helztu viðburðum frá aðalfundi ÍRA 1995. Endanleg fundargerð er færð í fundargerðabók félagsins og verður hún lesin upp á næsta aðalfundi, eins og lög ÍRA mæla fyrir um.*

Aðalfundur ÍRA var haldinn í Perney, Hótel Esju, sunnudaginn 26. febrúar sl. Formaður félagsins, Sæmundur Þorsteinsson, TF3UA, var erlendis vegna starfa og því setti varaformaður, Sveinbjörn Jónsson, TF4VET, fundinn. Kristinn Andersen, TF3KX, var kosinn fundarstjóri og undirritaður tók að sér ritun fundargerðar.

Fundarstjóri lýsti eftir umboðum félagsmanna, en skv. lögum félagsins er fjarstöddum félagsmanni heimilt að veita öðrum félaga skriflegt umboð til atkvæðis í tilteknum málum, nema í stjórnarkjöri. Engin umboð voru tilkynnt. Þá las fundarstjóri skýrslu formanns í fjarveru hans, en auk skýrslunnar lét Sæmundur fylgja almennar hugrenningar um stöðu amatörradíós nú á dögum.

Gerð var grein fyrir starfsemi hinna ýmsu nefnda og embætta félagsins. Umsjónarmaður QSL þjónustunnar, Bjarni Sverrisson, TF3GB, var forfallaður vegna veikinda en fundarstjóri bar fundinum kveðju hans og greindi frá að rekstur QSL þjónustunnar hefði gengið vel á liðnu ári.

Heimir S. Jónsson, TF3TXT, húsnaðisstjóri, sagði frá ástandi félagsheimilisins við Rauðavatn, en til stæði að félagið flytti þaðan á næstu dögum. Ástæða flutninganna væri að eigandi hússins, Reykjavíkurborg, gerði ekki ráð fyrir að það stæði öllu lengur þar sem það yrði líklega í vegi fyrir vega og gangstígaframkvæmdum. Hitun í húsinu hefði nýlega bilað, borgaryfirvöld hefðu ekki sinnt óskum félagsins um viðgerðir og því yrði leigusamningi við borgina sagt upp og starfsemi félagsins flutt úr húsinu. Heimir sagði

að eigur félagsins úr félagsheimilinu hefðu verið settar í geymslu til bráðabirgða hjá Bandalagi íslenzkra skáta og Vilhjálmur Þ. Kjartansson, TF3DX, hefði tekið í sína vörslu nokkuð af bókum félagsins þar til rættist úr húsnæðismálum.

Kristján Benediktsson, TF3KB, greindi frá alþjóðasamskiptum sínum fyrir hönd félagsins við IARU (*International Amateur Radio Union*). Hann ræddi um stöðu amatörradíós, áhyggjur víða um minnkandi endurnýjun í röðum radíóamatöra og áhrif slökunar á reglum fjarskiptayfirvalda víða um heim á starfsemi amatöra.

Loks ræddi umsjónarmaður PÍRA (Pöntunarfélag ÍRA), Benedikt Sveinsson, TF3BNT, um starfsemi pöntunarfélagsins og nefndi m.a. bókakaup sem væru í bígerð.

Gjaldkeri ÍRA, Kristinn Andersen, TF3KX, gerði grein fyrir reikningum félagsins sem endurskoðendur, Bjarni Sverrisson og Kjartan H. Bjarnason höfðu skoðað og samþykkt. Þar kom fram að tekjur félagsins árið 1994 voru 286.918 kr. en gjöld ársins voru 188.516 kr. Hagnaður af reglulegri starfsemi var því 98.402 kr. Að loknum fyrirspurnum og umræðum samþykkti aðalfundur reikningana.

Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum og var gert tuttugu mínútna fundarhlé kl. 16. Fundarmönnum var boðið kaffi og gosdrykkir meðan þeir ræddu radíómál og annað sín á milli.

## X

Að loknu fundarhléi var gengið til stjórnarkjörs. Fráfarandi formaður hafði bedizt undan endurkjöri og stungið var upp á Kjartan H. Bjarnasyni, TF3BJ, sem formanni. Aðrar tilögur bárust ekki og var Kjartan því sjálfkjörinn formaður ÍRA.

Kosnir voru tveir menn í stjórn félagsins í stað Gísla Ófeigssonar, TF3US og Kristins Andersen, TF3KX, sem lögum samkvæmt viku úr stjórn, en þeir gáfu ekki kost á sér til endurkjörs. Af þeim sem stungið var upp á hlutu flest atkvæði Guðjón

H. Egilsson, TF3WOT og Benedikt Sveinsson, TF3BNT. Voru þeir því kjörnir í stjórn til tveggja ára, en fyrir voru í stjórninni Sveinbjörn Jónsson, TF4VET og Erling Guðnason, TF3EET.

Nýir varamenn í stjórn voru kosnir Sigurður Smári Hreinsson, TF8SMT og Halldór Christensen, TF3GC. Endurskoðendur félagsins voru kjörnir Bjarni Sverrisson, TF3GB og Sveinn Guðmundsson, TF3T, en Kristinn Andersen, TF3KX, til vara.

Ákvörðun félagsgjalds var næst á dagskrá. Nokkrar umræður urðu um að inntökugjald, sem er hálf árgjald, væri nokkuð hátt, en því yrði ekki breytt nema með breytingum á lögum félagsins. Tillaga fráfarandi gjaldkera um að árgjald yrði óbreytt fyrir árið 1995, 3.000 kr., var að lokum samþykkt.

Nýkjörinn formaður ÍRA, Kjartan H. Bjarnason, tók til máls og þakkaði traust félagsmanna með formannskjörinu. Ennfremur bauð hann nýja stjórnarmenn velkomna til starfa og hvatti félagsmenn til dáða í félagsstarfinu. Hann lýsti sérstaklega yfir áhuga á að efla námskeiðahald fyrir verðandi leyfishafa, bæði fyrir fræðileg próf og próf í morse samskiptum.

Kristinn, TF3KX, greindi frá leit sinni og fráfarandi formanns að nýju húsnæði fyrir félagið. Tveir kostir byðust nú: Í fyrsta lagi tvö herbergi við Skúlatún, sem leigð væru fyrir um 20 þúsund krónur á mánuði og í öðru lagi aðstaða í íþróttahúsinu Þróttheimum sem Reykjavíkurborg byði ókeypis. Eftir nokkrar umræður var ákveðið að félagsmenn mættu nk. fimmtudagskvöld í Þróttheimum til þess að kanna aðstæður.

Umræður um önnur mál, svo sem QTC sendingar, gildi T leyfis samborið við A leyfi og áhrif tæknileyfishafa í félaginu, tölvusamskipti um Internet og fleira héldu áfram unzufundi var slitið kl. 17:45.

73 de TF3BJ

# Reikningar ÍRA 1994

Kristinn Andersen, TF3KX gjaldkeri ÍRA 1994

Það vita flestir að gjaldkerum félagsins okkar hefur í gegnum tíðina verið misjafnlega gefið að fást við reikningshald og í þeim efnum er undirritaður enginn kraftaverkamaður. Með bókhald heimilisins á dreif í buxna og skyrtuvösunum, ef þá ekki í fatnaði síðustu viku sem lenti í þvottavélinni, þá þarf talsvert átak í fjárreiðum til að halda skikkanlega utan um fjárhag þessa hundrað manna félags.

Þegar tók að líða að aðalfundi hófst sú árlega hreingerning í gjaldkeratöskunni sem forverar mínir kannast líklega allir við. Síðla kvölds í byrjun febrúar rakaði ég saman kvittunum og bankableðlum sem smám saman flokkuðust upp í tvær raðir, debet og kredit. Einhvers staðar hafði ég heyrt að summa þessara tveggja dálka ætti að vera jöfn, en mér varð brátt ljóst að þar hafði mér brugðizt bogalistin. Hvernig sem ég hagræddi tölunum tókst mér engan veginn að dempa standbylgjurnar sem hlupu upp og niður eftir talnadálkunum. Að lokum ákvað ég að leita á náðir Hauks Nikulássonar, TF3HN, sem reynzt hefur mörgum gjaldkeranum vel þegar í álíka óefni er komið. Eftir nokkurra klukkustunda lagfæringar á dálkafærslunum sem ég hafði verið svo hreykinn af í fyrstu voru standbylgjurnar horfnar og aðlögun milli dálkanna tveggja náð, 1:1. Endurskoðendur félagsins, þeir Kjartan H. Bjarnason, TF3BJ, og Bjarni Sverrisson, TF3 GB, fóru síðar yfir reikningana og undirrituðu þá. Á aðalfundi félagsins þann 26. febrúar sl. voru reikningarnir samþykktir eftir að greitt hafði verið úr spurningum.

Rekstrarreikningi félagsins, sem sundurliðar tekjur og gjöld, er lýst á meðfylgjandi mynd. Langstærsta tekjulind félagsins sl. ár var félagsgjöld, sem námu 239 þúsund krónum. Á árinu var enn reynt að eltast við ógreidd árgjöld frá 1993 og tókst að lokum að ná inn flestum þeirra.

Seinkunin á innheimtu árgjalda stafar bæði af því hve erfitt hefur reynzt að innheimta árgjöld hjá stórum hluta félaga undanfarin ár og svo þeirri seinkun sem varð á aðalfundi ársins 1993. Stærsti hluti gjalda fór í rekstur félagsheimilis ÍRA árið 1994, en samtals var húsaleigu og rafmagnskostnaður um 100 þúsund krónur. Liðurinn "ritföng, pappír og póstkostnaður" (40.620 kr.) fólst að stórum hluta í frímerkjakostnaði vegna CQTF og fundaboða. Þegar upp var staðið var hagnaður félagsins á árinu, tekjur umfram gjöld, samtals 98.402 krónur.


Efnahagsreikningur félagsins sýnir að peningaeign í lok ársins 1994 var samtals um 380 þúsund krónur. Félagið átti tæp 260 þúsund krónur í Íslandsbréfum, en afgangurinn var á ávísanareikningum og í sjóði. Nokkrar umræður urðu á aðalfundi um "tæki, áhöld og húsbúnað" félagsins sem

metin eru á tæpar 180 þúsund krónur, en menn voru sammála um að þessar eignir væru ofmetnar og þær þyrfti að endurmeta.

Samþykkt var að halda árgjaldinu óbreyttu, 3000 kr., fyrir árið 1995. Fráfarandi gjaldkeri upplýsti félagsmenn um að Félagabjónustu Landsbankans hefði verið falið að sjá um innheimtu árgjalda héðan í frá, en með því verður tiltölulega einfalt að senda út innheimtuseðla og ítrekanir. Að auki verður auðveldara að halda skrá yfir skuldlaus félaga með þessu móti.

Undirritaður þakkar félagsmönnum samstarfið og óskar núverandi gjaldkera félagsins, Guðjóni H. Egilssyni, TF3WOT, alls góðs í starfinu.

73 de TF3KX



# Ruth, LA6ZH

Vilhjálmur Þ. Kjartansson, TF3DX

*Síðsumars 1994 bar að garði góðan gest, Ruth Tollefsen, LA6ZH Hún er einn af þekktustu amatörum Noregs, ekki síst fyrir ötult starf í þágu fatlaðra sem vilja gerast amatörar Ekki þarf að fletta mörgum eintökum af "Amatör radio" til að sjá hennar að einhverju getið m.a. prýddi hún forsíðu nóvemberheftisins 1994*

*Hún kom í heimsókn í félagsheimilið og svo vel vildi til að þá var óvenju margt þar um manninn Nokkrir hafa síðan haft við hana samband Mitt fyrsta QSO var þó 17 september 1964, og er við tókum aftur upp þráðinn 28 árum síðan var hún á öruggri leið með að verða tengdamóðir vinkonu okkar hjóna Og heimurinn er sannarlega lítill, í næsta QSOi komst ég að því að hún er líka móðir gamals félaga frá skólaárum mínum í Osló, Nicolai Kjær Holter, LA5CH Ýmsir hér þekkja hann sem frumkvöðul í radióskátun og afbók sem hann ritaði um refaveiðar á amatörvísu*

*Eftirfarandi viðtal fyrir CQTF var tekið yfir kaffi á Listasafni Íslands*

**Hvernig bar það til að þú varðst radióamatör?**

“Heima áttum við útvarpstæki með bátabylgju og sonur minn Nico hafði gaman af að leita uppi ýmis fjarskipti Einn daginn heyrði hann sterka stöð sem reyndist vera amatör í næsta nágrenni, LA8SG á 80 m AM Nico heimsótti Karl og for á námskeið Mér fannst þetta spennandi, byrjaði líka á námskeiðinu en hafði ekki tíma og las mér til heima Nico fékk leyfið í janúar 1961, þá 16 ára gamall og ég í apríl sama ár “

**Nú ert þú einhver liprastí lykill sem maður heyrir, er morsið ekki tímáskekkja?**

“Mér fannst mors eins og fegursta músík þegar ég heyrði það fyrst og er enn heilluð af því Það gerir alla jafna, konur og karla Eg vil ekki fá

forgang vegna raddarinnar, “the YL station go ahead please” Af sömu ástæðu kærði ég mig ekki um YL í kallmerkið Hins vegar gef ég upp eftir að sambandi er náð að ég sé YL, því margir eru að safna í ARRL skjalið YLCC Mors er upprunalegt, það er skilvirkt með einföldum tækjum og lítilli bandbreidd Morsið er krefjandi og einmitt þess vegna gefur það manni mikið að ná tókum á því Ég kalla aldrei CQ nema á morsi og nota SSB bara tilneydd Ég vona og held að morsið haldi velli hjá amatörum þó það hverfi úr atvinnufjarskiptum”

**Hefur þú verið virk allan tímann?**

“Já, með einhverjum hætti Þó hefur farið mikill tími í að gegna ýmsum trúnaðarstörfum, t.d. fyrir deildina í Oslo Svo hef eg unnið fyrir NRRL, fyrir áratug var ég QSLstjóri í 3 ár eða svo og hef verið varamaður í aðalstjórn Núna er ég gjaldkeri í “LA DXGroup” og annast dreifingu á fréttabréfinu “Buggen”

Með dyggri hjálp mannsins míns, Tor, tók ég að mér að svara öllum QSL kortum vegna Bovet leiðangursins (oft kallaður DX-leiðangur aldarinnar, innsk. tf3dx) og í fyrri fyrir leiðangurinn sem kom Eritreu í loftið með E35X og hafði 19 þúsund sambönd “

**Þú ert þekktust fyrir störf þín í þágu fatlaðra sem vilja gerast amatörar og allur heimurinn lítur til Noregs sem fyrirmyndar í þeim efnum, geturðu frætt okkur um þetta starf?**

“Upphafið má rekja til þáverandi formanns NRRL, Per Gunderson LA5LG Hann tók sér fyrir hendur að kenna fötluðum dreng til amatörprófs og sá glögg hvers virði það var Per dó óvænt og í minningu hans var ákveðið að vinna að framgangi þessara mála með stofnun styrktarsjóðsins “LA5LG hjulpefond”

Í framhaldi af stífri 2ja vikna þjálfun geta fatlaðir fengið bráða-birgðaleyfi til 2 ára undir handarjaðri

“fóstra” úr hópi amatöra Það veitir talleyfi á 40 m og 80 m sem gerir þeim kleift að njóta reglubundinnar sérkennslu sem fer fram í loftinu 5 daga vikunnar”

**Hafa kallmerkin sérstök auðkenni?**

“Nei, þau eru venjuleg “

**Hverjir annast kennslu?**

“Styrktarsjóðurinn ræður tvo kennara, einn fyrir norðurlandið og annan fyrir suðurlandið, m.a. vegna þess hve landið er langt og oft ekki skilyrði milli landshluta Þó þau séu góð á styttri vegalengdum Núna eru það LA6LN (Arnþjot sem hefur komið á ísl 14 330 kHz netið, innsk. tf3dx) og LA2TE Alþýðuháskólinn leggur til kennslugögn og styrktarsjóðurinn á um 150 sendiviðtæki til að lána þeim sem eru að byrja. Áður þurfti ýmsar breytingar eða sérbúnað, en síður með nútíma-tækjum LA9JJ annast tækjavörslu og viðgerðir, allt í sjálfböðavinnu Sjóðurinn leggur út fyrir nýjum tækjum, varahlutum og leigu á geymslu “

**Eru gerðar minni kröfur til fatlaðra en annarra amatöra?**

“Nei Að lokinni þessari þjálfun verða þeir að taka samskonar próf og aðrir, þeir fá sömu spurningar Í vissum tilvikum er óhjákvæmilegt að taka tillit til fötlunar við framkvæmd prófs, en fatlaðir vilja engin forréttindi”

**Hve margir hafa notið góðs af þessu starfi?**

“Yfir 1200 hafa fengið bráða-birgðaleyfi og rúm 300 haldið áfram og staðist A próf, eða um 20 á ári undanfarið “

**Hvernig er þetta fjármagnað?**

“Í byrjun tókum við höndum saman við Svía og stofnuðum “Fríríkið Morokulien” á landamærunum (“moro” á norsku og “kul” á sænsku þýðir skemmtilegt, innsk. tf3dx) Það fékk sérstakt norskt forskeyti, LG Þar er skáli til leigu með vel búinni stöð,



LA6ZH/TF QRV frá Tjarnargötu 44, Reykjavík, sumarið 1994. Ljósmynd TF3KM.

LG5LG. Þetta gafst vel í fyrstu og við seldum “borgarabréf” þeim sem vildu gerast þegar fríríkisins. Félagsmálaráðuneytið styrkir starfið og við höfum safnað framlögum frá einstaklingum, fyrirtækjum og sveitarfélögum sem hafa dugað á nær 30 ára starfsferli. En nú hefur orðið samdráttur í atvinnulífinu, í Noregi sem annars staðar, og við finnum mikið fyrir því. Það stefnir í 70 þúsund króna rekstrarhalla á þessu ári þó veltan sé skorin niður úr 200 þúsundum í 150 þúsund (*upphæðir um tífalt hærri í ísl. kr., innskot. tf3dx*).

#### Hvernig hófust afskipti þín af þessu starfi?

“Ég hljóp bara í skarðið fyrir Nico þegar hann var kvaddur til herþjónustu, en hann var einn afupphafsmönnum. Aldarfjórðungi síðar fannst mér tími til kominn að skorast

undan og hætti frá og með 1. maí 1994. Það var fyrir

löngu búið að setja jafnaðarmerki milli styrktarsjóðsins og LA6ZH, en ég vil heldur að mín verði minnst sem amatörsins LA6ZH. Nú fæ ég meiri tíma til að vera í loftinu.”

#### Er við hæfi að spyrja YL hversu ung hún er?

“Spurðu bara! Ég er fædd 1918 svo þú getur reiknað.”

#### Viltu segja eitthvað við íslenska amatöra að lokum?

“Ég vil þakka þeim fyrir yndislegar móttökur. Sérstaklega var gaman að hitta unga sem eldri í félagsheimilinu og mig langar til að fá QSL kort frá þeim fyrir “eyeball QSO” eða sambönd í loftinu. Félagshimilið er notalegt hús, verst að dagar þess eru senn taldir. Ég á þó ósk Í.R.A. til handa að húsnaðismálin leysist farsælega.

73 de TF3DX



# Ný stjórn og starfsáætlun

Ritstjóri ræðir við Kjartan H. Bjarnason, TF3BJ-formann ÍRA

Ný stjórn tók við störfum í ÍRA að loknum aðalfundi í febrúar sl. Í stjórn sitja nú Kjartan H. Bjarnason, TF3BJ (formaður), Sveinbjörn Jónsson, TF4VET (varaformaður), Benedikt Sveinsson, TF3BNT (ritari), Guðjón H. Egilsson, TF3WOT (gjaldkeri) og Erling Guðnason, TF3EET (spjaldskrárritari). Það er ljóst að víða má hleypa auknu lífi í starfsemi félagsins og hér er gerð grein fyrir nokkrum atriðum sem stjórnin hyggst beita sér fyrir.

Ritstjóri ræddi nýlega við Kjartan, formann félagsins, þar sem fram kom ýmislegt um væntanlega starfsemi á næstu mánuðum.

## Félagsheimilið

Eins og greint var frá í frásögn af aðalfundi hefur ÍRA flutt starfsemi sína úr húsnæði Reykjavíkurborgar við Rauðavatn. Þess í stað hafa borgaryfirvöld útvegað félaginu aðstöðu í félagsmiðstöðinni í Þróttheimum að Holtavegi 11. Íþróttafélagið Þróttur hefur neðri hæð hússins til afnota en á efri hæðinni er margvísleg starfsemi á vegum Æskulýðs og tómstundaráðs Reykjavíkur til húsa. ÍRA hefur þar fundaherbergi til afnota á fimmtudagskvöldum, en að auki hefur félagið leyfi til að koma fyrir fjarskiptatækjum á skrifstofu félagsheimilisins, næst fundaherberginu. Enn á eftir að koma þessari fjarskiptaadstöðu upp, en það verk bíður áhugasamra félagsmanna á komandi hausti. Þess má geta að við íþróttavöllinn við húsið eru háir staurar sem væru vel sæmdir af langvörum og VHF/UHF loftnetum.

Félagsmenn nýta fimmtudagskvöldin til óformlegra funda í félagsheimilinu. Að öllu jöfnu er stefnt að því að menn mæti um kl. 21 og ástæða er til að hvetja félagsmenn sem ekki hafa heimsótt nýja félagsheimilið að gera á því bragarbót við fyrsta tækifæri.

## Starfsáætlun

Nú er verið að ganga frá starfsáætlun fyrir vetrarstarfið, en í þeim drögum sem nú liggja fyrir er gert ráð fyrir eftirtöldum atriðum. 5.7. **ágúst:**

**Útileikar ÍRA.** Útileikarnir verða með hefðbundnum hætti. Minnt er á að dagskrá útileikanna gerir ráð fyrir að þátttakendur geti bæði sinnt fjölskyldunni og áhugamálinu um verzlunarmannahelgina. Ekki er nauðsynlegt að vera í loftinu alla helgina en æskilegt er að menn verði sem mest í loftinu á auglýstum aðalþátttöku tímabilum. Með því móti eru mestar líkur á að sambönd verði mörg og milli flestra þátttakenda.

## 2. september: Vísindaferð.

Væntanlega verður farið út úr bænum, en heimsóknarstaður hefur ekki verið endanlega ákveðinn. Farið verður á einkabílum frá félagsheimilinu að Þróttheimum kl. 14:00 og gert er ráð fyrir að þeir sem ekki leggja til bíl greiði 200 kr. fyrir eldsneyti. Áð verður á heimleiðinni og gefst þar kostur á kaffi og meðlæti.

## 30. september: Kynning á námskeiðum ÍRA.

Fundurinn verður kynntur síðar og er fyrir þá sem hafa áhuga á A eða T prófum. Ætlunin er að bjóða námskeið í fræðilegum og morse hlutum amatörprófa.

## 14. október: Skoðunarferð í fjarskiptastöð Atlantshafsbandalagsins.

Farið verður á einkabílum frá Þróttheimum kl. 14:00 til Grindavíkur og sem fyrr greiða þeir sem ekki aka í eldsneytissjóð. Hugsanlega verður áð í kaffihúsi á leiðinni til baka.

## 11. nóvember: Vetrarrefaveiðar.

Mæting verður við félagsheimilið kl. 14:00 og útsendingar á 2m hefjast kl. 14:15.

## 21. janúar: Félagsfundur.

Þessi fundur er haldinn skv. lögum ÍRA. Dagskrá verður kynnt síðar.

## 18. febrúar: Aðalfundur ÍRA.

Dagskrá verður skv. lögum félagsins og m.a. verða kynnt úrslit útleika.

Auk ofangreindra viðburða hefur stjórnin sett sér það markmið að koma saman annan fimmtudag í hverjum mánuði í félagsheimilinu í Þróttheimum og geta þeir sem erindi eiga við stjórnarmenn hitt þá þar. Ennfremur verður eitt fimmtudags-

kvöld hvers mánaðar helgað tilteknu viðfangsefni hverju sinni. Þannig geta þeir sem t.d. hafa áhuga á DX á 160m eða 80m mætt í félagsheimilið 16. ágúst með eitthvert efni sem þeir hafa á takteinum og skipzt á upplýsingum. Vilji félagar hafa áhrif á framkvæmd þessara liða er þeim bent á að hafa samband við starfandi varaformann, sem sér um innra starf félagsins. Áætlun fyrir þessi fimmtudagskvöld fer hér á eftir.

## 16. ágúst: “Low band DXing”.

Þeir sem þekkja vel til 160, 80 og jafnvel 40 metra eru hvattir til að mæta. Rætt verður um loftnet, skilyrði og hvað þurfi til að ná árangri á þessum böndum.

## 20. september: TF3NOS TCP/IP pakkafjarskipti.

TF3BNT mun segja frá TF3NOS og þeim möguleikum sem þar bjóðast. “DXcluster” er væntanlega áhugavert efni fyrir harðsoðna HF menn.

## 19. október: Truflanavarnir.

Óskipulagt enn. Hugsanlega hluti af námskeiði.

## 16. nóvember: QRP tæki.

Heimasmiðir eru hvattir til að koma með tækin sín og segja frá smíði og samböndum með þeim.

## 7. desember: Radíóskátar.

Starfsemi radíóskáta verðu kynnt.

## 12. janúar: Bókakvöld.

Félagar komi með bækur og sýni öðrum. Ljósritunarvél verður á staðnum ef menn rekast á áhuga-verðar greinar. Ekki er gert ráð fyrir öðru en að bækurnar rati heim aftur með eigendum sínum, sem auðvitað merki þær.

## Námskeið og próf

Undirbúningur fyrir amatörpróf með námskeiðahaldi er eitt meginmarkmiða stjórnarinnar. Undanfarin ár hefur skapast nokkur festa í tilhögun fræðilegra prófa fyrir T og A leyfi, sem auðveldar undirbúning þeirra sem hyggja á þessi próf. Námskeið fyrir fræðileg og morse próf eru á dagskrá vetrarstarfsins og verða kynnt síðar.

73 de TF3KX es TF3BJ



# DX-hornið

Vilhjálmur Þ. Kjartansson, TF3DX

Það er áhugavert að fylgjast með áhrifum sólbletta á skilyrðin og nú eru þau að jafnaði miklu verri en fyrir 3-4 árum.

Meðan sólblettir voru uppi kom Kyrrahafið inn síðla nætur lengri leiðina (LP) og svo síðar styttri leiðina (SP), en nú er ekki um annað að ræða héðan ofan frá Íslandi en SP þó LP gagnist vel sunnar í Evrópu.

Þegar sólblettir voru vel uppi reyndist sumarið einn verstí tími ársins fyrir DX, skilyrði tætingsleg og "blackout" algeng. Má minnst ferða Í.R.A. á Esju og til Garðskaga um sumarsólstöður til vitnis þar um. Undirritaður fékk á tilfinninguna í fyrra að sumarið þá væri heldur betra, og ekki síður nú í sumar. Því vaknar sú spurning hvort t.d. 20 m fari batnandi hér að sumarlagi með fallandi sólblettum? Er hugsanlegt að stöðug dagsbirta að viðbætti mikilli virkni sólar sé með einhverjum hætti ofmikið af því góða?

Það er einkennilegt að heyra 80 m opnast nú sum kvöldin þegar sól er vel á lofti, einkum til suðurs. Þá höfðust:

**LU5VC** 23/05 03:54 3510 og **5R8DS** (Madagaskar) 30/05 02:28 3508. Um miðjan júlí mátti oft heyra **ZS2LL** allt að 579 á 3508 kHz frá kl. 22 eða svo. Hins vegar virtist hann ekki heyra vel og ekki gafst tækifæri til að reyna flugdrekanum (*frá flugdreka loftnetum TF3DX verður greint í næsta hefti CQ TF innsk. ritstj.*).

Annars er eins og sú bót sem aðrir merkja á lágu böndunum með fallandi sólblettum láti á sér standa hér uppi í norðurljósabeltinu, 80 m voru afskaplega lélegir í allan vetur. Hins vegar virtust 160 m opnir miklu oft en áður, þó ekki fyrr en um og eftir júl. Samt engin sláandi DX skilyrði.

## Júlí

"Skeddar" við **ZL1TG** og **VK7FJ** (14.034) gengu afar illa í vetur, en eftir að sumar gekk í garð varð mikil breyting á hvað varðar **ZL**. Öll skipitin við **ZL1TG** í júní gengu vel, einkum

eftir að tíminn var færður fram um hálf tíma til kl. 06:30.

Samtals hafði ég 20 QSO við 6 stöðvar í **ZL** í júní, **ZL3RG** var hér nánast daglegur gestur milli 6 og 7 á morgnanna og hafði samband við ýmsar stöðvar hérlendis, m.a. við **TF3T/M** á **SSB**.

Öðru máli gegnir um **VK**, aðeins 1 samband þangað. Skilyrðin þangað koma ekki upp fyrr en um kl. 10 og þá er eins og allur DX sé dottinn út með hækkingu sól.

Skilyrði til Kaliforníu voru óvenju góð mest allan júní mánuð, einnig komu Hawaii og Alaska oft vel inn.

## 40m CW:

<b>LU6KBX</b>	00:40
<b>CP6IB</b>	02:32
<b>TL8CN</b>	00:15
<b>9J2SZ</b>	01:15

## 20mCW:

<b>ZB2FK</b>	07:46
<b>5N0SKO</b>	11:53
<b>TU2XZ</b>	06:40

**TL8CN** (Mið-Afríkúlýðveldinu) virðist starfrækt af **F5MBF**, en "Kallbókin '95" lýsir eftir heimilsfangi hans. Líklega þess vegna sendi hann það af og til: **Box 22 Urmatt, France**.

**9J2SZ** (Sambíu) vill QSL um **SP8DIP**.

## Júlí:

Vegna ferðalaga og ýmissa anna hef ég aðeins hlustað eftir DX fimm daga mánaðarins, 10. til og með 14. Eftir því að dæma var júlí síst eftirbátur júnímánaðar.

## 40 m CW:

<b>ZS1JX</b>	20:43
--------------	-------

## 20mCW:

<b>NH6SV</b>	07:56
<b>ZK3RW</b>	08:48
<b>V73CO</b>	10:20
<b>W1CW og W1YL</b>	01:33
<b>AH6A</b>	06:45
<b>6W1AE</b>	07:25
<b>LA6ZH</b>	14:14
(í sumarhúsi sínu á Lófóten)	
<b>KH6CF</b>	06:47
<b>C53HG</b>	18:16
<b>3V8AS</b>	06:13
<b>AH6NV</b>	07:37
<b>4X4WN</b>	22:10.

Þess má geta að amatörarnir **Bob**, **W1CW**, og **Ellen**, **W1YL**, sem hafa þessi skemmtilegu kallmerki, eru hjón.

**ZK3RW** (Tokelaueyju) er sá frægi **Ron Wright**, **ZLIAMO**, og hef ég heyrt að hann hafi ætlað að dveljast í 3 vikur. Hann kom hér inn með gott merki alla morgnana sem ég hlustaði utan einn, og virtist hafa gott lag á að nota **SP** opnun til Norðurlanda. Ég fann hann, eins og aðra sem hér eru taldir upp, fyrir einskæra tilviljun, hef ekki enn tileinkað mér upplýsingaveitur um DX.

**V73CO** (Marshallleyjum) er klúbbstöð á Kwajaleineyju, starfrækt af **KE6TDY**. **TF** hefur verið álitnið nógu sjaldgjæft til að beint **QSL** hefur nú borist að fyrra bragði.

73 de TF3DX

## Og meira af DX...

**Halldór Christensen**, **TF3GC**, er iðinn við kolann í ljósvakanum. Í stuttu samtali við ritstjóra **CQ TF** kom fram að hann hefur verið mikið í loftinu á 40m og þar hefur hann m.a. náð samböndum við **Gambíu** og **Sao Tome**, undan vesturströnd Afríku.

Loftneta og tækjabúnaður **Halldórs** væri efni í sérstaka grein í blaðinu, en þar á meðal er 16m hár turn með þriggja banda greiðu (fyrir 10, 15 og 20m), 13m há stöng með radíalvírum fyrir 160m, vírloftnet fyrir 40m.

Af lítillæti segist **Halldór** ekki vera stórtækur í DX, en þó sleppi hann ekki kvöldi úr loftinu og ef hann eigi þess kost skýzt hann heim í hádegi og kaffitímum til að grípa í lykilinn eða hljóðnemann. Þetta rifjaði upp grein sem ritstjóri las fyrir nokkrum árum um þann amatör sem þá hafði náð staðfestum samböndum við flest lönd allra. Sá hafði ekki burðugri tækjakost en venjulegt sendiviðtæki, dípól og 3ja elementa greiðu. Hins vegar kvaðst hann hafa náð öllum samböndum sínum á seigluinni og með því að skjótast heim í hádegi og kaffi þegar kostur var. Þessa lexíu hefur **Halldór** greinilega tileinkað sér!

73 de TF3KX

# Sitt lítið af hverju...

Samtíningur úr ýmsum áttum - TF3KX

## Útileikarnir 1995

Útileikarnir verða að venju um verzlunarmannahelgina. Rétt er að benda á að aðalþáttökutímarnir eru:

**Laugardag kl. 17-19**

**Sunnudag kl. 09-12 og 21-24**

**Mánudag kl. 08-10**

Til þess að tryggja að sem flestir nái samböndum, er amatörum bent á að leggja aðaláherzlu á þessa tíma. Á HF er bent á innanlandstíðnina 3.633 kHz.

Ekki þarf mikinn búnað til að taka þátt "úti við". T.d. má tengja flest nútíma sendiviðtæki við 12V í bíl. Loftnet má einfaldlega vera 1/4 bylgjulengdar vír, sem stungið er inn í miðju kóaxtengisins á tækinu, en skerm tengisins má tengja í bílinn (æskilegt er að nota sem stytztan og gildastan vír til þess). Kvarthylgjuvírinn má strengja út skv. lögmálinu" þeim mun hærra, þess betra". Þetta loftnet hefur væntanlega fæðiviðnám um 20-30 Ohm, en þótt aðlögunin við sendiviðtækið sé ófullkomin má yfirleitt ná út nægu afli til innanlandsfjar-skipta.

Munið að ekki er síður mikilvægt að hlusta en að senda. TF3KX tókst aldrei að komast inn í "líflegar" samræður á 3.633 kHz þegar hann tók þátt í síðustu útileikum úr Stranda-sýslu.

## Heimsreisa TF3DX

Fyrir rúmu ári fór Villi, TF3DX, ásamt XYL og heimsótti VK7FJ sem hann hefur átt vikulega "skedda" við undanfarin 4 ár. Jim býr á eyjunni Tasmaníu sem er við suðausturhorn Ástralíu. Þau gerast ekki mörg byggðu bólin í meiri fjarlægð frá TF.

Í Melbourne fékk Villi ástralskt gestaleyfi og kallmerkið VK3FBS. Eins gott að FBS og LHS hafa sam-einast í Landsbjörgu!

Ástralska gestaleyfið reyndist takmarkað við 146 - 148 MHz, endurvarpasviðið þar í landi. Handstöðin sem Villi keypti í Japan sendi hins vegar ekki utan 144 - 146 MHz! Hann hugsar því gott til glóðarinnar 10

að heimsækja "lykilvini" á Nýja-Sjálandi, sem eitt örfárra landa utan Evrópu hefur gerst aðili að CEPT samkomulaginu um full gestaréttindi (T/R 61-01). Bíður bara eftir lottóvinningi.

## Fleiri TF heyrast á HF

Nýr HF amatör er kominn í loftið, að sögn efnilegur morsari. Þetta er Jón Berg TF5DZ á Akureyri. Gamall refur er nú aftur kominn á lykilinn eftir langa þögn, Halli TF3HP.

## Of stórt í bakgarðinn...

Langar einhvern til að prófa vertikal? Lóran-C mastrið á Sandi er 412 m hátt og ónotað sem stendur. Þarna er turninn sem alla amatöra hefur dreymt um - en nágrannarnir fengju martraðir yfir.

## Hótelaðstaða fyrir amatöra

Hótel Saga hefur tekið mjög vel í beiðni gesta um að setja upp og nota amatör-stöðvar. Með góðri hjálp Úlfars tækni-stjóra og manna hans var settur upp þre-faldur tvíþóll og þegar þetta er skrifað hafa bæði JA3IG/TF og WJ20/TF notið góðs af.

## Skástrik-skástrik...

Þeir sem starfrækja gestastöðvar samkvæmt CEPT T/R 61-01 eiga að nota forskeyti landsins sem þeir gista fyrir framan sitt eigið kallmerki, t.d. TF/OZ1LVD. Einnig er gert ráð fyrir að /P sé bætt aftan við þegar við á. Slík kallmerki heyrast nú í löngum bunum frá Evrópu og eru vægast sagt klunnaleg. Heimildin samkvæmt CEPT T/R 61-01 er ekki bundin neinum stað og eðli málsins samkvæmt eru gestir á faraldsfæti. Ætti /P því ekki að vera óþarft?

## JA á Íslandi

Yuu Yoshitani, JA3IG, er fyrsti Japaninn til að fá íslenskt gestaleyfi að því best er vitað. Fyrir velvilja Guðjóns Jónatanssonar, umsjónarmanns Gróttu, fékkst leyfi til að setja þar upp loftnet og tæki 18. júní, en umgangur varð að vera takmarkaður vegna varpsins. Skilyrði reyndust vera léleg þann daginn! TF3KM, CQ TF-júlí/ágúst 1995

TF3GB, TF3HP og TF3DX voru til aðstoðar, en sá síðast nefndi naut gestrisni Yuu í Japan í fyrra. Rotary-klúbbi Seltjarnarness eru þökkuð afnot afskála þeirra í Gróttu.

## Hans hátign á 20m

Víða má finna áhugamenn um fjarskipti utan raða radíóamatöra. Ritstjóri lenti í skemmtilegu spjalli við Örn Johnson, sem rekur rafgeyma- og rafhlöðuþjónustuna Skorra, meðan á undirbúningi blaðsins stóð. Örn hafði tekið með sér stuttbylgjuviðtæki í sumarhús við Munaðarnes fyrir í sumar og stillt tækið á 20m tíðnisviðið. Virknin á bandinu var fremur daufleg þar til kallmerkið JY1 heyrðist. Á nokkrum sekúndum lifnaði þessi hluti tíðnisviðsins við og gjörsamlega umbreyttist, eins og Örn komst að orði. Kona nokkur, amatör sem hafði verið á tíðninni þegar hans hátign Hussein Jórdaníukonungur birtist, tók við stjórninni og raðaði þeim á lista sem vildu tala við "His highness", eins og Hussein var ætíð ávarpaður í radíósamböndunum meðan þau stóðu yfir.

## TF3CW til Ameríku

Sigurður Jakobsson, TF3CW, er nú að undirbúa búferlaflutninga til Ameríku. Eins og fram kemur annars staðar í blaðinu hefur hann auglýst flest, ef ekki öll, amatörtæki sín til sölu fyrir flutningana. Það verður missir að Sigga, því hann hefur verið einn virkasti amatör á Íslandi á HF böndunum um árabil. Við óskum honum góðs gengis og vonandi tekst að fá nánari fréttir af honum í CQ TF innan skamms.

## 3.633 kHz hefur 9 líf

Nokkrir amatörar hafa komið sér saman um að hittast á 3.633 kHz klukkan 9

kvölds og morgna. Þúsum nú rykið af tækjunum og hittumst á gömlu gufunni!!

## Til sölu

<b>US Tower, TX-455</b> Upptrekkjanlegt mastur, 7-18 metrar. Rör og lega fylgja.	90 þús. kr.
<b>Sommer, XP-705</b> 9-el. log yagi, fyrir 10-12-15-20-40m. Nýtt og ónotað.	60 þús. kr.
<b>Hy-Gain, 155BA</b> 5-el. monobander fyrir 15m. Nýtt og ónotað.	30 þús. kr.
<b>Hy-Gain, 105BA</b> 5-el. monobander fyrir 10m. Svo til nýtt.	20 þús. kr.
<b>CUE-DEE</b> 4-el. monobander fyrir 20m. Notað.	30 þús. kr.
<b>Cushcraft 40-2CD</b> 2-el. monobander fyrir 40m. Svo til nýtt.	40 þús. kr.
<b>ICOM-735 / PS-20</b> aflgjafi. 500 Hz sia, Heil BM-10 bómuhljóðnemi, Heil fótrofi, ICOM handhljóðnemi, Daiwa afl/SWR-mælir (1KW), Butternut HF6VX vertical: 10-15-20-30-40-80m. Kaplar.	90 þús. kr.
<b>AUTEK</b> minnis-morselykill, Bencher pöddlur.	10 þús. kr.
<b>YAESU FL-2100Z</b> magnari, bilaður spennir.	25 þús. kr.
<b>AMP Supply AL500Z</b> magnari.	80 þús. kr.

**Sigurður Jakobsson, TF3CW**  
sími 561-2212



## Rafgeymar

NiCad-raflöður

Sólarraflöður

og fleiri gerðir...

**SKORRI hf.**

Bíldshöfða 12, Rvk

Sími: 577-1515


Yaesu Amateur Radio Equipment

*Radióþjónusta<sup>hf</sup>*

*Sigga Harðar*

☎ 557-5570

SMÍÐJUVEG 38 - 200 KÓPAVOGUR



**YAESU**